Nr. 33.
20.
október.

# Lög

um

## stofnun geðveikrahælis.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Til þess að koma upp geðveikrahæli í nánd við Reykjavík yfir 50 geðveika menn og útbúa það, má verja úr landssjóði allt að 90,000 krónum.

2. gr.

Árleg útgjöld til geðveikrahælisins skal veita í fjárlögum.

Upp í þennan kostnað skulu rjettir aðstandendur greiða í landssjóð meðgjöf með hverjum geðveikum manni, 50 aura á dag, ef hann er þurfamaður, ella 1 kr. á dag.

3 gr.

Í yfirstjórn geðveikrahælisins eru landlæknir og einhver annar maður, sem stjórnarráðið skipar til þess.

4. gr.

Stjórnarráðið semur eptir tillögum frá yfirstjórn geðveikrahælisins reglur um afnot þess og erindisbrjef fyrir starfsmenn þess.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 20. október 1905.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891

# Lov

om

## Oprettelsen af en Sindssygeanstalt.

Nr. 33.
20.
Oktober.

**Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,**

*Gøre vitterligt:* Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

Til Opførelse af en Sindssygeanstalt til 50 Sindssyge i Nærheden af Reykjavik samt til dens Udstyrelse kan anvendes indtil 90,000 Kr. af Landskassen.

§ 2.

De aarlige Udgifter til Sindssygeanstalten bevilges paa Finansloven.

Til Afdrag paa disse Omkostninger skulle rette Vedkommende betale for hver Sindssyg, 50 Øre om Dagen, hvis han er Trængende, men ellers 1 Kr.

§ 3.

Sindssygeanstaltens Overbestyrelse bestaar af Landfysikus og en anden af Ministeriet dertil beskikket Mand.

§ 4.

Efter Indstilling fra Sindssygeanstaltens Overbestyrelse affatter Ministeriet et Reglement om Anstaltens Benyttelse samt Instrukser for dens Funktionærer.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 20. Oktober 1905.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

---

**Islands Ministerium, den 20. Oktober 1905.**

***H. Hafstein.***

*Ólafur Halldórsson.*